



Umferðaröryggisáætlun Fjallabyggðar

2013

Inngangur

Markmiðið með umferðaröryggisáætlun Fjallabyggðar er að fækka slysum og gera alla vinnu á sviði umferðaröryggis markvissari.

Með tilkomu Héðinsfjarðarganga breyttust forsendur umferðar fyrir bæði Siglufjörð og Ólafsfjörð. Áður en göngin opnuðu má segja að bæirnir hafi verið endastöðvar þar sem allir sem komu þurftu að fara sömuleið tilbaka, að undanskildu því að hægt var að fara Lágheiðina frá Ólafsfirði og yfir í Fljót á sumrin. Nú er hægt að aka í gegnum bæina og er því komin gegnumstreymisumferð ásamt almenningsamgöngum og skólaakstri milli bæja.

Hér er búið að taka saman það helsta sem fram hefur komið í vinnu samráðshóps og íbúafundar varðandi umferðaröryggismál í Fjallabyggð og jafnframt búið að forgangsraða þeim samkvæmt viðmiðum Umferðarstofu.

Búið er að áætla kostnað í flestum verkefnum til að tryggja að verkefnin séu raunhæf með tilliti fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Með umferðaröryggisáætlun er vonast til þess að sveitarfélagið leggi árlega til ákveðna upphæð til umferðaröryggismála við gerð fjárhagsáætlunar.

Líta ber á umferðaröryggisáætlunina sem leiðbeiningar frá stjórnslu og ráðgjöfum sveitarfélagsins. Þannig fá bæjarfulltrúar góða innsýn í stöðumatið og niðurstöður að verkefnum og forgangsraðun. Þannig geta bæjarfulltrúar forgangsraðið út frá eigin forsendum og samþykkt umferðaröryggisáætlunina að lokum og þannig tekið ábyrgð á henni. Umferðaröryggisáætlun er grundvöllur fyrir pólitískar ákvarðanir, hún myndar góðan grunn til að forgangsraða aðgerðum þannig að mestar umbætur náist fyrir minnst fjármagn.

Umferðaröryggisáætlun er lifandi plagg sem skal endurskoða á hverju ári.

F.H samráðshóps

Ármann Viðar Sigurðsson
Deildarstjóri tæknideildar



1. Umferðaröryggisáætlun

1.1. Siglufjörður

- 1.1.1. Lagfæra og setja upp umferðarmerki og leiðarvísa samkvæmt úttekt. Klára yfirborðsmerkingar gatna.
- 1.1.2. Hraðahindrun, bunga, sunnan við gatnamót Snorragötu og Norðurtúns. Hraðahindrunin verður fjarlægð þegar hringtorg verður komið á gatnamótin.
- 1.1.3. Setja upp þéttbýlishlið, skilti, við innkomuna í bæinn að norðanverðu.
- 1.1.4. Klára biðstöð við Snorragötu, bæta lýsingu.
- 1.1.5. Tengja göngustíg á Snorragötu við göngustíg á Langeyraryrveg.
- 1.1.6. Loka innkeyrslum við Langeyraryrveg.
- 1.1.7. Hvanneyrarbraut 54 – 64. Bílastæði flutt bakvið blokkir. Þetta verður gert þrátt fyrir færslu þjóðvegarins niður fyrir blokkir skv. lið 1.1.10.
- 1.1.8. Hringtorg við gatnamótin Snorragata / Norðurtún.
- 1.1.9. Gangbraut með miðeyju við sundlaug á kostnað bílastæða við Hvanneyrarbraut.
- 1.1.10. Innkoma í bæinn að norðanverðu. Flytja þjóðvegin austur fyrir blokkir og íþróttamiðstöð. Þjóðvegurinn tengist aftur við Túngötu.
- 1.1.11. Gatnamót í miðbæ. Leitað leiða til að breyta krossvegamótum í tvö T-vegamót.

1.2. Ólafsfjörður

- 1.2.1. Lagfæra og setja upp umferðarmerki og leiðarvísa samkvæmt úttekt. Klára yfirborðsmerkingar gatna.
- 1.2.2. Akstursleið milli MTR og grunnskólans verður breikkuð svo nægilegt rými verði fyrir gangandi vegfarendur.
- 1.2.3. Miðeyjur á Múlaveg við biðstöð og móts við Samkaup.
- 1.2.4. Miðeyjur á Aðalgötu við kirkjugarð, austan við gatnamót Aðalgötu / Ægisgötu og austan við gatnamót Aðalgötu / Ægisbyggð.
- 1.2.5. Miðeyju framan við leikskóla á Ólafsvogi.
- 1.2.6. Biðstöðvar fyrir almenningsamgöngur á Múlaveg og Aðalgötu.
- 1.2.7. Setja upp þéttbýlishlið við innkomu í bæinn að norðanverðu.
- 1.2.8. Færa þjóðveginn norður fyrir bæinn og tengja aftur við Strandgötu.

2. Vinnuferlið

2.1 Sveitarstjórn

Á 57. fundi Bæjarstjórnar Fjallabyggðar miðvikudaginn 15. desember 2010 var eftirfarandi samþykkt:

Heiti:	Bæjarráð Fjallabyggðar - 195
Fyrirtæki:	Umferðarstofa
Mál:	Umferðaröryggisáætlun
Númer:	1011045
Niðurstaða:	
Athugasemdir:	
Niðurstaða	104. fundur skipulags- og umhverfisnefndar samþykkti fyrir sitt leyti drög að samstarfssamningi milli Fjallabyggðar og Umferðarstofu sem felur í sér að sveitarfélagið skuldbindur sig til að gera sérstaka umferðaröryggisáætlun, sem miðar að auknu umferðaröryggi í bæjarfélaginu. Bæjarráð samþykkir samstarfssamning og felur bæjarstjóra að undirrita.

Fimmtudaginn 16. desember 2010 undirritaði Bæjarstjóri samstarfssamning við Umferðarstofu.

Bæjarráð skipaði þriggja manna starfshóp 11. október 2011 um umferðaröryggisáætlun Fjallabyggðar.

2.2 Samráðshópur

Á fyrsta fundi starfshópsins var ákveðið að setja saman samráðshóp og fá aðila frá eftirtöldum stofnunum í samstarf:

- Lögregla Jón Árni Konráðsson
- Vegagerðin Guðmundur Heiðreksson
- Grunnskóli Jónína Magnúsdóttir
- UÍF Jóhanna Þorleifsdóttir
- Skipaðir Hilmar Þór Elefsen og Kristinn Gylfason
- Fjallabyggð Ármann V. Sigurðsson, Ingibjörg Ólöf Magnúsdóttir og Valur Þ. Hilmarsson

Kristinn Gylfason sagði sig frá öllum störfum fyrir Fjallabyggð 07.08.2012.

Ingibjörg hætti störfum hjá Fjallabyggð 31.05.2012 og kom Arnar Freyr Þrastarson í hennar stað.

Erna Hreinsdóttir kom í hópinn sem hönnunarráðgjafi Vegagerðarinnar í stað Guðmundar.

María Elín Sigurbjörnsdóttir kom í hópinn í stað Jóhönnu 01.12.2012.

2.2.1. Fyrsti fundur samráðshóps

**Tæknideild - umferðaröryggisáætlun**

Vinnufundur nr. 1

Fundarstaður: Fundarherbergi 2. hæð, Siglufirði

Fundartími: 02.02.2012 kl. 15:00 – 16.15

Fundarmenn: Ármann Viðar Sigurðsson

Valur Þór Hilmarsson

Ingibjörg Ólöf Magnúsdóttir

Jónína Magnúsdóttir

Kristinn Gylfason

Jón Árne Konráðsson

Jóhanna Þorleifsdóttir

Guðmundur Heiðreksson

deildarstjóri tæknideildar

umhverfisfulltrúi

tæknifulltrúi

skólastjóri grunnskóla

formaður skipulags- og umhverfisefndar

fulltrúi lögreglu

fulltrúi UÍF

fulltrúi vegagerðarinnar

Fundinn ritaði: Ingibjörg Magnúsdóttir

1. Ármann fór yfir verkáætlun umferðaröryggisáætlunar og hvernig áframhaldandi vinnu verður háttáð.
2. Ingibjörg ætlar að taka saman gögn í skýrsluna.
3. Guðmundur Heiðreksson kynnti vinnu sem Vegagerðin hefur boðið sveitarfélögum upp á er varðar hönnun að hraðatakmarkandi aðgerðum á þjóðvegi í þéttbýli. Sýndi hann dæmi um þessa vinnu sem gerð var fyrir þjóðveginn í gegnum Dalvík. Guðmundur ætlar að koma þeim tilmælum til vegagerðarinnar um að farið verði í að vinna tillögur að hraðatakmarkandi aðgerðum fyrir þjóðveginn í gegnum Ólafsfjörð og Siglufjörð. Óskað var eftir að tillögur yrðu unnar sem fyrst svo hægt væri að kynna þær á íbúafundi sem áætlað er að halda fyrstu viku í apríl. Guðmundur ætlar að vera í sambandi við tæknideild Fjallabyggðar vegna vinnslu á tillögum.
4. Næsti fundur áætlaður fyrstu viku maí.

Samskiptalisti:

Nafn.	Netfang sími	Sími / GSM
Ármann Viðar Sigurðsson	armann@fjallabyggd.is	464 9115 / 864 1491
Valur Þór Hilmarsson	valur@fjallabyggd.is	464 9117 / 844 0220
Ingibjörg Ólöf Magnúsdóttir	ingibjorgm@fjallabyggd.is	464 9111 / 857 1218
Jónína Magnúsdóttir	jonina@fjallaskolar.is	
Kristinn Gylfason	fanneyjon@simnet.is	
Jón Árne Konráðsson	8907@tmd.is	
Jóhanna Þorleifsdóttir	sveinnvil@simnet.is	
Guðmundur Heiðreksson	gudmundur.heidreksson@vegagerdin.is	

2.2.2. Fundur með skólaráði

**Umferðaröryggisáætlun****Fundur með skólaráði**

Fundarstaður: Grunnskóli Fjallabyggðar, neðra hús.

Fundartími: 08.03.2012 kl. 11:00 – 11:40

Fundarmenn: Ármann Viðar Sigurðsson

Jónína Magnúsdóttir

Ríkey Sigurbjörnsdóttir

Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir

Guðný Róbertsdóttir

Sigríður Ingimundardóttir

Sigríður Ósk Salmansdóttir

Ágúst Örn Jónsson

Daníela Jóhannsdóttir

Tæknideild Fjallabyggðar

Skólastjóri

Aðstoðarskólastjóri

Fulltrúi foreldra

Fulltrúi kennara

Fulltrúi kennara

F.h. annars starfsfólks

Nemendaráð

Nemendaráð

Fundinn ritaði: Ármann Viðar Sigurðsson

Fundarefni:**1. Samráð við grunnskóla**

Ármann kynnti verkáætlun umferðaröryggisáætlunar og dreifði drögum til fundarmanna. Í verkáætluninni er gert ráð fyrir að samráð verði haft við grunnskóla Fjallabyggðar og óskaði Ármann eftir álit ráðsins á því hvernig þessi samráðsvinna yrði.

Eitt af verkefnum sem tengd eru grunnskólum er að fara í skólana og kortleggja þær gönguleiðir sem krakkar ganga á leið í skólann og aftur heim eftir skóladag. Þessar upplýsingar væri hægt að nálgast með því að fara í bekkina og fá nemendur til þess að teikna sína gönguleið á götukort af viðkomandi bæ.

Jónína stakk upp á að taka málið upp á kennarafundi og þar yrðu lagðar línur fyrir því hvernig upplýsingaöflunin færi fram.


Ármann stakk upp á að hver kennari myndi sjá um að nálgast upplýsingarnar í sínum bekk og að kennarar myndu sameiginlega kortleggja gönguleiðir sem eru tengdar skólatíma þ.e. frá skóla í sund, skóla í mat og þess háttar.

Jónína benti á að hugsanlega þyrftu kennarar aðstoð frá tæknideild við upplýsingaöflun. Ármann tók vel í það og benti á að tæknideild Fjallabyggðar myndi sjá um að útbúa öll gögn sem þarf og sjá um að vinna úr þeim gögnum sem safnast.

Afrít sent:

Samráðshóp umferðaröryggisáætlunar

2.2.3. Annar fundur samráðshóps

Fjallabyggð

Vinnufundur nr. 2

Tæknideild - umferðaröryggisáætlun

Fundarstaður: Fundarherbergi 2. hæð, Siglufirði
Fundartími: 06.12.2012 kl. 15:00 – 17.15
Fundarmenn: Ármann Viðar Sigurðsson deildarstjóri tæknideildar
Valur Þór Hilmarsson umhverfisfulltrúi
Arnar Freyr Þrastarson tæknifulltrúi
Jónína Magnúsdóttir skólastjóri grunnskóla
Hilmar Þ. Elefsen fulltrúi í skipulags- og umhverfisnefnd
Jón Árne Konráðsson fulltrúi lögreglu
María Elín Sigurbjörnsdóttir fulltrúi UÍF
Erna B. Hreinsdóttir fulltrúi Vegagerðarinnar

Fundinn ritaði: Arnar Freyr Þrastarson

Fundarefni:

1. Ármann byrjaði á því að segja frá áformum að halda íbúafund í báðum bæjarkjörnum í byrjun janúar þar sem farið verður yfir þá vinnu sem er búin að eiga sér stað í umferðaröryggisáætluninni.
2. Því næst fór Ármann yfir þær glærur sem hann var búinn að útbúa vegna fundarins. Sýndi hann meðal annars slysakort, en á 10 ára tímabili, frá 2001-2011 eru skráð 50 slys á Siglufirði og 26 á Ólafsfirði. Fulltrúi lögreglu minntist á að það þyrfti að fullklára umferðarmerkingar svo lögreglan geti framfylgt lögunum.
3. Næst til máls tók Erna frá Vegagerðinni þar sem hún kynnti sínar glærur sem hún er búin að útbúa vegna fundarins. Fór Erna yfir að hún myndi vilja fá pólitískan stuðning við þennan samráðshóp svo hann yrði meira traustvekjandi. Sagði hún frá því að stefna Vegagerðarinnar er að hafa engar upphækkaðar hraðahindranir sem séu slæmar fyrir stærri bíla og hávaðamyndandi. Tillögurnar sem hún setur fram eru þó fyrst og fremst umræðugrundvöllur. Nefndi hún að í báðum kjörnum klýfur þjóðvegurinn byggðina sem er mjög slæmt. Hægt væri í Ólafsfirði að færa þjóðveginn norður fyrir byggðina og tengja við Strandgötu en á Siglufirði væri hægt að færa þjóðveginn niður fyrir Hvanneyrarbrautina og tengja við Túngötu sem er í raun forgangsatriði. Sú færsla á veginum er samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Einnig þarf að framkvæmda hraðatakmarkandi aðgerðir sem jafnframt auka öryggi gangandi vegfarenda með því að setja upp umferðareyjur til dæmis.
4. Jónína skólastjóri kom því á framfæri að foreldraráð grunnskólans væri mjög umhugað um umferðaröryggi barna og því var ákveðið að Ármann myndi halda sömu kynningu og var á þessum fundi fyrir skóla- og foreldraráð fyrir jól.
5. Næsta skref verður síðan íbúafundurinn í janúar næstkomandi.


Afrit sent:
Samráðshópur umferðaröryggisáætlunar

FjallabyggðSíða 1 af 2

**Samskiptalisti:**

<u>Nafn.</u>	<u>Netfang sími</u>	<u>Sími / GSM</u>
Árman Viðar Sigurðsson	armann@fjallabyggd.is	464 9115 / 864 1491
Valur Þór Hilmarsson	valur@fjallabyggd.is	464 9117 / 844 0220
Arnar Freyr Þrastarson	arnar@fjallabyggd.is	464 9111 / 844 8896
Jónína Magnúsdóttir	jonina@fjallaskolar.is	
Hilmar Þ. Elefsen	hilmarelefsen@gmail.com	
Jón Árni Konráðsson	8907@tmd.is	
María Elín Sigurbjörnsdóttir	maria@sps.is	
Guðmundur Heiðreksson	guðmundur.heidreksson@vegagerdin.is	
Erna B. Hreinsdóttir	ebh@vegagerdin.is	

2.2.4. Íbúafundur Siglufirði

Fjallabyggð

Minnisblað

Málsaðili: Fjallabyggð
Varðandi: Minnisblað eftir íbúafundi v. umferðaröryggisáætlunar
Dags.: 17. janúar 2013

Varðar íbúafundi vegna umferðaröryggisáætlunar Fjallabyggðar sem haldnir voru á Siglufirði og Ólafsfirði 15. og 16. janúar sl.

Siglufjörður
Fundurinn á Siglufirði var haldinn í leikfimisal grunnskólans við Norðurgötu klukkan 17 og voru mætt til fundarins Ármann V. Sigurðsson, Arnar F. Þrastarson og Valur Þ. Hilmarrson frá tæknideild, Erna B. Hreinsdóttir frá Vegagerðinni og Sigurður Hlöðversson fundarstjóri.
Sigurður Valur bæjarstjóri bauð fundargesti velkomna en mættir voru um 25 manns fyrir utan embættismenn. Því næst fór Ármann yfir kynninguna í heild sinni. Að því loknu hófust umræður undir stjórn Sigurðar fundarstjóra.

Biðstöðin á Snorra götu við Norðurtún
Aðalumræðuefni fundarins fólst í biðstöðinni á Snorra götu við Norðurtún. Nefnt var að það vanti lýsingu við biðstöðina og auk þess vanti gangbrautarljós. Einnig mætti moka biðstöðina betur. Erna nefndi í þessu samhengi biðstöð á Drottningarbraut á Akureyri sem væri hægt að horfa til. Nokkrir fundarmenn komu þeirri skoðun á framfæri hvort það væri ekki hægt að staðsetja biðstöðina alla vestan við götuna svo rútan færi einungis yfir götuna en ekki allir farþegarnir fótgangandi yfir götuna. Erna skoðar hugmyndina um biðstöð vestan götunnar.

Hraðahindranir
Einnig var spurt hvort það sé stefna Vegagerðarinnar að setja ekki niður upphækkaðar hraðahindranir á Þjóðveg í Þéttbýli og var nefnt í þessu samhengi að aldrei myndi nást sátt um biðstöðina við Norðurtún ef ekki væri sett niður malbikuð hraðahindrun þangað til hringtorg kemur. Erna svarar og segir að ekki sé mælt með upphækkuðum hraðahindrunum í þéttbýli meðal annars vegna stórra bíla. Þeir þurfi að hægja mikið á sér og gefa mikið í þegar þeir eru komnir yfir hana, það sé hávaðavaldur. Þó þarf að vega og meta aðstæður í hvert skipti, ekki sé hægt að horfa svona einhlítt á stöðuna. Til dæmis gæti vel komið til greina að setja upp upphækkaða hraðahindrun á Snorra götu við Norðurtún.

Endastöð skólarútu við neðri skóla
Endastöðin við neðri skólann á Vetrarbraut var talsvert til umræðu en hún hefur ekki alveg verið hugsuð til enda. Þegar rútan skilar skólabörnunum af sér í lok skóladags þurfa allir krakkarnir að fara inn á skólalóðina áður en þau fara útaf henni aftur. Einnig myndast hálf gert kaos þegar foreldrar sækja börnin og börnin labba út um alla götuna. Með viðbyggingu við skólann væri hægt að setja inn í þá aðgerð aðstöðu fyrir skólarútu og að auki bílastæði fyrir kennara á lóðinni við Vetrarbraut.

Hvanneyrarbraut við íþróttamiðstöð
Svæðið við íþróttamiðstöðina var nefnt en þar er mikil slysaþætta. Bílastæði eru beggja vegna götunnar en hvergi er ásættanleg göngupverun yfir hana. Því þyrfti að huga sérstaklega að aðstæðum við íþróttamiðstöðina. Einnig eru gangstéttarnar á Hvanneyrarbrautinni illa mokaðar og því labba vegfarendur á götunni. Þarf að moka betur gangstéttir og sanda.

Stoppistöðvar rútu

Nefnt var að rútan stoppar á fleiri stöðum en henni er lagt til að gera, t.d. við Samkaup. Þó kom fram á fundinum að rútan ætti einungis að stoppa á skilgreindum biðstöðum sem bæjaryfirvöldum tilgreina en þó sagði rútabílstjórinn að á áætlun sé skráð stoppistöð við íþróttamiðstöðina, Ráðhústorgið, efra og neðra skólahús svo bærinn þarf að fara ákveða hvar skuli stoppa og hvar ekki. Engin ásættanleg biðstöð er á Torginu þó skráð sé á rútuáætlun að rútan stoppi þar. Þar sem rúta stoppar til að hleypa börnum út í íþróttamiðstöð stoppar hún á gatnamótum sem er ekki til fyrirmyndar.

Önnur atriði

Nefnd voru gatnamótin við Hlíðarveg og Þormóðsgötu. Ökumenn sem koma keyrandi úr norðri eftir Hlíðarvegi þurfa að snúa sér um 140° ef þeir ætla að horfa eftir umferð komandi ofan af Þormóðsgötu því sú umferð á réttinn. Biðskylða er hins vegar á Hlíðarveginum.

Komið var á framfæri að við gatnamótin á Þjóðvegi 76 og flugvellingum þyrfti að setja vasa utan á veginn (sunnan megin) svo umferð komist framhjá þegar bill er að koma frá Siglufirði og er að beygja inn á veginn.

Á Langeyrarveginum er mikið um útivistarfolk sem neyðist til þess að vera á götunni þar sem stigurinn hliðina við götuna er illa mokaður eða alls ekki mokaður. Þarf að hálkuverja hann og moka oftar.

Ólafsfjörður

Fundurinn á Ólafsfirði var haldinn í grunnskólanum við Tjarnarstíg og hófst hann klukkan 17. Starfsmenn tæknideildar mættu á fundinn auk Ernu frá Vegagerðinni. Jón Á. Konráðsson var fundarstjóri. Mættir voru um 6 manns fyrir utan embættismenn.

Sigurður bæjarstjóri byrjaði fundinn með því að bjóða fundargesti velkomna. Eftir kynningu Ármanns hófust umræður undir stjórn Jóns fundarstjóra.

Hraðahindranir

Talað var um hraðahindranir og nefnt að boltaða hraðahindrunin á Aðalgötunni olli því að sumir ökumenn völdu að keyra Ólafsveginn í stað Aðalgötunnar. Nefnt að sú hraðahindrun ætti frekar að vera staðsett rétt austan við Ægisdögutuna. Í þessu samhengi benti Erna á að það þyrfti að afmarka betur hvert stórir bílar eigi að fara, þ.e. beina þeim ekki inn í íbúðarhverfi.

Leið rútu um skólasvæðið

Nefnt var hvort ætti að nota göngustíginn á milli skólahúsanna sem akstursleið fyrir skólarútu þar sem börn notuðu þessa leið og rútan kæmist ekki framhjá þeim vegna snjóruðninga eins og staðan er í dag. Ármann svaraði með því að þessi leið verði notuð enda mjög hagkvæm leið að láta rútna keyra framhjá báðum skólahúsum án þess að hún þurfi að bakka til þess að snúa við. Einnig nefnir hann að rútan verði eina farartækið sem verði leyft að fara þessa leið. Að auki væri hægt að moka stíginn betur svo hægt sé að vikja til hliðar ef rútan er á eftir.

Varðar snjómokstur

Einnig nefndur mokstur á gangstéttum, honum er sums staðar ábótavant og börn gangi því frekar á götunni en á gangstéttinni. Til dæmis á milli grunnskólans og Tjarnarborgar sé upphituð gangstétt að austan en illa mokuð að vestan og því þurfi börn að þvera Aðalgötuna tvisvar vilji þau ganga á upphitaðri gangstétt. Væri hægt að moka gangstéttina austan megin.

Stoppi- og ekki stoppistöðvar stræto

Var vikið að því að strætoinn sem er nýlega farinn að ganga á milli Siglufjarðar og Akureyrar stoppi á fleiri stöðum en honum er ætlað. Dæmi eru um að fólk veifi bílstjóranum og hann stoppi eftir hentugleika fólks. Ef til vill of mikil greiðvikni hjá bílstjórum þar sem þeir eiga aðeins að stoppa á fyrirfram ákveðnum stöðum. Síðan var velt upp þeirri spurningu hvort nauðsynleg þörf sé á tveimur biðstöðvum. Hvort ekki sé nóg að hafa eina biðstöð sem væri þá t.d. við skólana. Ármann nefnir að kostnaðurinn við biðstöðvarnar sé ekki ýkja mikill. Einnig væri hægt að hafa biðstöð á móts við kirkjugarðinn þannig að öll rútan myndi keyra yfir veginn og stoppa á svæði utan þjóðvegarsins.

Önnur atriði

Nefnt að það mætti þrengja götuna við leikskólann þar sem er þörf á að draga umferðarhraða niður. Einnig er lítil lýsing þar sem gengið er yfir götuna að MTR við Olís.

Spurt var af hverju það ætti að vera 50 km/klst. hraði í gegnum þéttbýlið þar sem fundargestum fannst það vera talsvert mikill hraði. Erna svarar og bendir á upplýsingarit Vegagerðarinnar og segir að það reynst erfitt að halda hraða í 35 km/klst. á þjóðvegi í gegnum þéttbýli.

Einnig var því velt upp hvort þéttbýlishlið ætti rétt á sér í brekkunni þegar komið er í bæinn að norðanverðu vegna umferðar stórra bíla. Erna svarar með því að aðstæður eru annars staðar margfalt verri en í þessu tilfelli og því eigi þessi staðsetning allan rétt á sér.

Virðingarfyllt,
Arnar Freyr Þrastarson
Tæknifulltrúi

2.2.5 Athugasemdir íbúa sem bárust eftir íbúafundi

Athugasemd Kolbrúnar Gunnarsdóttur.

„Takk fyrir ágætis kynningu um daginn.

Þar sem ég á barn í skólanum sem þarf að ferðast með rútnu hef ég þessar athugasemdir.

Umferðaröryggisáætlun.

Tillögur: Engar merkingar eru við skólahúsin að þar séu stoppustöðvar fyrir rútu. Ath. hvort hægt sé að takmarka akstur bifreiða / stærra ökutækja við Norðurgötu og Vetrarbraut á skólatíma. Ég vil að skoðað verði að gera stoppustöð ofan við Snorrögötu fyrir báðar leiðir rútnunnar þá þurfa nemendur / farþegar ekki að fara yfir götuna og gera stiga upp á Hafnartún. Möguleiki að nýta afall af heitu vatni úr nágrenninu í planið. Haraldur nefndi þetta á fundinum. Ef það er ekki möguleiki þarf að koma upp gangbrautarljósum og eða annari lýsingu við stoppustöð og gangbraut. Við þurfum að drífa í að færa þjóðveginn meðfram sjávarsíðunni á Siglufirði og til norðurs í Ólafsfirði þá drögum við úr hættunni sem skapast á Hvanneyrarbraut við Íþróttahúsið þegar nemendur koma og fara. Eins við skólahúsið á Ólafsfirði. Eyjan sem gerð var við Snorrabraut nær óþægilega nálægt gatnamótum, allavega meðan snjór er yfir og skapast hætta af þegar maður kemur niður Norðurtún og beygir inn á Snorrögötu. Leist líka vel á að færa þjóðveg aðeins til í miðbænum á Siglufirði.

Takk fyrir,

kveðja Kolbrún Gunnarsdóttir.“

Athugasemd Þorsteins Jóhannessonar.

Athugasemdir við umferðaröryggisáætlun fyrir Fjallabyggð



28-01-13

0. Almenn um áætlunina.

Þessi samantekt er unnin eftir yfirlestur á umferðaöryggisáætlun fyrir Fjallabyggð eins og hún birtist á vef Fjallabyggðar, og koma fram í henni stuttar athugasemdir við þær hugmyndir, sem eru settar fram á myndrænu formi.

Stór galli á áætluninni er að hún nær fyrst og fremst til þjóðvegarins gegnum Siglufjörð og Ólafsfjörð, en er ekki heilstæð áætlun fyrir byggðina. Þetta leiðir til þess að þær hugmyndir, sem koma fram um breytingar á þjóðveginum eru ekki útfærðar þannig að fram komi nema að litlu leyti lausn á tengingu við annað gatnakerfi í sveitarfélaginu.

1. Þéttbýlishlið norðan við bæinn

Góð tillaga.

2. Þéttbýlishlið sunnan Norðurtúns

Góð tillaga.

3. Færsla á þjóðvegi nyrst í bænum

Þessi hugmynd er a.m.k. 40 ára gömul, og hefur nokkrum sinnum verið nálægt ramkvæmdastigi. Kostnaðurinn (100-150 Mkr.) er sennilega vanmetinn þar sem sjóvörnin er kostnaðarsöm og lyfta þarf veginum mikið vegna ágangs sjávar. Ég er ekki viss um að áhersla Vegagerðarinnar um greiðan gegnumakstur gegnum Siglufjörð sé rétt, þar sem ég efast um að beinn gegnumakstur sé mikill gegnum bæinn. Þetta þyrfti að kanna tölulega.

4. Vegur framan á Eyrinni samkvæmt aðalskipulagi.

Á aðalskipulagi fyrir Siglufjörð hefur verið sýndur vegur austan og norðan á Eyrinni.

Þessi vegur hefur verið hugsaður til þess að auðvelda hreinan gegnumakstur, sem ég held að sé lítil. Mín ágiskun er að einungis 10% af umferð gegnum Héðinsfjarðargöng og Strákagöng sé hreinn gegnumakstur.

Vegurinn er auk þess skipulagslegt slys, sem má taka sem sýnidæmi um hvernig ekki á að skipuleggja. Vegurinn klýfur hafnsækna starfsemi frá bryggjuköntum, og býður upp á stórhættulega umferð um hafnarsvæðið. Algengt er að hafnarsvæðum er lokað með girðingum til að koma í veg fyrir umferð langsum eftir hafnarbökkum.

5. Umbætur á Hvanneyrarbraut

Góðar tillögur.

6. Breyting á gatnamótum Túngötu og Hvanneyrarbrautar.

Þessi hugmynd byggir á því að hreinn gegnumakstur sé mikill, sem ég hef áður dregið í efa. Lausnin er til bóta enda þótt stutt sé milli gatnamóta.

7. Gatnamót Þormóðsgötu og Túngötu

Þessi gatnamót eru hættuleg vegna þess hvað húsin loka fyrir útsýni. Lokun Þormóðsgötu til austurs breytir litlu, þar sem umferð er lítil í þá átt. Lokun til vesturs færir umferðina að einhverju leyti inn á Hvanneyrarbraut meðfram leikskólanum. Sennilega leysist málið ekki nema með því að rífa Hólakot.

8. Meinhornið

Gatnamót Gránugötu og Suðurgötu eru sennilega fjölförnustu gatnamót í Siglufirði, og eru hættuleg þar sem þau eru kross-gatnamót. Tillaga um að breyta þeim í T-gatnamót er álitleg, en gengur sennilega ekki upp vegna of mikils hæðarmunar, þar sem Suðurgata tengist inn á Snorrögögu. Lokun Aðalgötu er róttæk hugmynd, sem ég tel varla koma til greina. Skágatan (Hvanneyrarbraut) tengist illa inn í gatnamótin og tel ég frekar athugandi að leggja þá götu niður. Bílastæðisvandamál eru mikil við verslanir og stofnanir umhverfis torgið, og þarf að finna lausn sem tekur mið að því.

Hringtorg á Meinhorninu, er lausn sem varla kemur til greina, þar sem hæðarmunur er mikill við Suðurgötu, og tenging Lækjargötu inn á Gránugötu er ekki möguleg vegna þrengsla. Hringtorgið er það stórt að það sker af möguleika á að tengja bílastæði inn á gatnakerfið.

Einn möguleiki, sem ekki er fjallað um í áætluninni er að setja ljósastýringu á Meinhornið.

9. Strætisvagnabiðstöð við Norðurtún

Gott mál að öðru leyti en því að fjarlægð milli gatnamóta og eyju er lítil.

10. Innkeyrslur við Eyrarflöt

Þrjár innkeyrslur af þjóðveginum inn á lóðir eru stórhættulegar, og ætti að vera búið að loka þeim fyrir löngu, enda er kostnaður lítil.

11. Hringtorg í Ólafsfirði við Brimnes

Almennt eru hringtorg vandræðalausn fyrir umferð, enda þótt þau hafi einhverra hluta vegna komist í tísku á seinni tímum hér á landi. Hringtorg koma helst til álita sem valkostur, þegar umferðarmagn um gatnamót verður það mikil að bæta þarf flæðið með rásun.

Helstu gallar hringtorga eru:

- a. Kostnaður er mikill
- b. Þau taka mikið pláss
- c. Tafatími í umferðinni er mun meiri en T- og kross- gatnamótum.
- d. Eyjan safnar snjó, og torgin eru erfið í snjómokstri.

Bent hefur verið á að Hringtorg virka sem hraðahindrun, og er það vissulega rétt. Draga má úr umferðarhraða á mun ódýrari hátt en með hringtorgi, og ákvörðun um að koma upp hringtorgi, sem hraðahindrun, er galin.

12. Breyting á þjóðvegi gegnum Ólafsfjörð

Hugmynd um að færa þjóðveginn niður á hafnarsvæðið virðist eðlileg. Hreinn gegnumakstur gegnum Ólafsfjörð er sennilega mun meiri en gegnum Siglufjörð, og er þessi breyting því til að bæta umferðaröryggi. Eins og tengingin er teiknuð virðist hún ekki skera af hafnsækna starfsemi.

Vegur vestan við Ósinn virðist einnig ganga upp sem lausn.

13. Heilstæð umferðaröryggisáætlun

Eins og áður segir er galli á áætluninni sá að hún tekur nær einungis til þjóðvegarins, en ég tel að nauðsynlegt sé að flétta lausnir fyrir þjóðveginn við annað gatnakerfi í sveitarfélaginu.

Við lauslega yfirferð á kortum af gatnakerfinu bæði í Siglufirði og Ólafsfirði má sjá að mjög víða eru slysgildirur, sem eru til komnar vega vanþekkingar á helstu vítum, sem þarf að varast. Til eru mörg dæmi um að í framkvæmdinni hafi verið vikið frá hönnunarteikningum, þannig að hætta skapast, og í mörgum tilvikum eru gerðar tengingar frá lóðum inn á gatnakerfið án samþykktar bæjarfélagsins.

Helstu slysgildirurnar í gatnakerfinu eru þessar:

- a. Mörg gatnamót eru kross-gatnamót.
- b. Lögun gatnamóta er í mörgum tilvikum ekki heppileg.
- c. Beygjuradíusar er oft of stórir.
- d. Rásun er ófullnægjandi
- e. Of stutt er víða á milli áreita.
- f. Inná-akstur frá lóðum er of víða og illa afmarkaður.

Með bestu kveðju

Þorsteinn Jóhannesson

2.3. Vinnugögn

2.3.1. Gönguleiðir

Kennarar voru fengnir til þess að merkja inn gönguleiðir eftir ábendingum nemanda á kort af bæjarfélaginu. Hver bekkur 1 – 7 bekkjar fékk eina teikningu af sínum bæ og voru gönguleiðir teiknaðar þar inn. Þessar teikningar voru svo sameinaðar í eina teikningu á tæknideild Fjallabyggðar og sendar til vegahönnuðar hjá Vegagerðinni.

2.3.2. Umferðargreinir

Umferðargreinir var settur á fjórum stöðum í hvorum bæ við þjóðveg í þéttbýli. Greinirinn mældi stærð, fjölda og hraða ökutækja á hverjum stað. Niðurstöður þessara mælingu voru sendar til vegahönnuðar hjá Vegagerðinni.

2.3.3. Slysatölur

Slysatölur frá tímabilinu 2001 – 2011 voru sóttar hjá Umferðarstofu og kortlagðar.

3. Fylgigögn


3.1. Úttekt á umferðarmerkingum.

Siglufjörður

Aðalgata:

Aðalbraut.


Ökuhraði 35 km/klst.


Lagt er til að Aðalgötu verði breytt í vistgötu frá Túngötu að gatnamótum við Grundargötu einnig verði Lækjargata vistgata milli Gránugötu og Aðalgötu, merki  D14.11. Bílastæði verði merkt þar sem heimilt er að leggja.

Einstefna til austurs.

Einstefnumerki vantar þegar ekið er inn í götuna af Suðurgötu eða Túngötu.

Lag er til að lögn ökutækja á Aðalgötu austan gatnamóta við Grundargötu verði leyfð vinstra megin m.v. aksturstefnu, við norðari brún götunnar þarf að tilgreina það með undirmerki með áletrun, **lögn ökutækja heimil við vinstri brún götunnar**, með umferðarmerkinu

B.21.11. . Þannig merki þurfa að vera við gatnamót Grundargötu, Norðurgötu og Vetrarbrautar.

Yfirborðsmerkingu vantar N52 , bannað að leggja að sunnan frá gatnamótum við Grundargötu til austurs að Vetrarbraut.

Eyjarflöt:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Norðurtún.

(botngata merki vantar )

Eyrargata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Vetrarbraut.

Biðskylda inná Túngötu að austan og vestan.

Gangbraut vestan gatnamóta við Norðurgötu.

Bannað að leggja að sunnan við götuna frá Túngötu að Norðurgötu.

Fossvegur:

Ökuhraði 35 km/klst.



Biðskylda inná Hvanneyrarbraut.



(tvö hraðahindrunarmerki uppi við miðja götuna  en engin hraðahindrun)

Gránugata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Suðurgötu.

Aðalbraut. (vantar aðalbrautarkerki yfir undirmerkið aðalbraut beygir við gatnamót Vetrarbrautar)  

Bann við lögn ökutækja að norðan. (vantar undirmerki, J01.61.  þannig að ekki sé hægt að leggja aftan við merkin. Yfirborðsmerkingu vantar alla leið með merkinu bann við lögn N52 )

Grundargata:


Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Eyrargötu að norðan og sunnan.

Biðskylda inná Aðalgötu að norðan og sunnan.

Biðskylda inná Þormóðsgötu að norðan og sunnan.


Biðskylda inná Gránugötu að norðan og sunnan.

Bann við lögn ökutækja að vestan frá Eyrargötu að Gránugötu. (yfirborðsmerkingu vantar alla leið N52 )

Hafnargata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Suðurgötu.

Hraðhindrun við lóðarmörk húsa nr. 20. og 22. (undirmerki J01.11.  vantar)

Hafnartún:


Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Norðurtún.

Hávegur:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Suðurgötu.

Bann við lögn ökutækja frá húsi nr. 9. að kirkjugarði. (yfirborðsmerkingu vantar N52 )

Hlíðarvegur:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda að norðan og sunnan inná Hólaveg/Þormóðsgötu.

Stöðvunarskylda inná Hvanneyrarbraut.

Bann við lögn ökutækja að austan frá Brekkugötu að gatnamótum Hólavegar/Þormóðsgötu.


Hólavegur:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda við gatnamót Ártúns að norðan og sunnan.



Biðskylda inná Hlíðarveg.



Biðskylda inná Hvanneyrarbraut.

Bannað að leggja að austan að gatnamótum við Hlíðarveg/Þormóðsgötu. (yfirborðsmerkingu vantar N52 )

Hvanneyrarbraut:

Ökuhraði 35 km/klst.

Aðalbraut frá Túngötu til norðurs. (vantar aðalbrautarkerkið yfir undirmerkið aðalbraut beygir við hús nr. 42.  )

Innakstur í bæinn að norðan við grindarhlíð þéttbýlismarki . (35 km yfirborðsmerking en ekkert umferðarkerki sem tilgreinir 35 km. )

Biðskylda inná Þormóðsgötu.



Biðskylda inná Hlíðarveg.

Biðskylda inná Brekkugötu við leikskólann.



Biðskylda inná Brekkugötu við Hvanneyrarbraut 2., skattstofuna.


Biðskylda inná Túngötu/Suðurgötu við Aðalgötu.


Gangbraut við hús nr. 42. (vantar yfirborðsmerkingar N51 )

Gangbraut við Leikskólann. (vantar yfirborðsmerkingu N51  og undirmerki J01.11. )


Hraðahindrun við hús nr. 63 (þarf að laga merki J01.11.  og yfirborðsmerkingu )

Hraðahindrun við Leikskólann. (undirmerki J01.11.  vantar og yfirborðsmerkingu N51 )

Bannað að leggja bifreiðum við vestur brún frá húsi nr. 50 til suðurs. (vantar yfirborðsmerkingar N21 )

Bannað að leggja bifreiðum að vestan til suðurs frá húsi nr. 69. (yfirborðsmerkinu vantar ) (Mála þarf línu fyrir bílastæði frá Sundlaug til norðurs að austan þannig að bifreiðum

yrði lagt samsíða götunni og merkja með merki D01.11.  og undirmerki J08.11 )

(Vantar bílastæðamerkingu D01.11.  sunnan við hús nr. 49. þar sem bannað er að leggja við brún götunnar)

Biðskylda af bílastæði við Leikskólann inná Hvanneyrarbraut.


Botnlangi sunnan við Hlíðarveg á móts við innkeyrslu að heilsugæslustöðinni. Biðskylda af götunni inná Hlíðarveg.

Hverfisgata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Suðurgötu við gatnamót Laugavegar.

Stöðvunarskylda inná Lindargötu.

Biðskylda inn á Skriðustíg að norðan. Fjarlægja merki .

Biðskylda af Skriðustíg inn á Snorragötu.

Bann við lögn ökutækja að vestan frá húsi nr. 1. til suðurs 5 metra.

Bann við lögn ökutækja að austan frá húsi nr. 11. að gatnamótum við Lindargötu.

Kirkjustígur:

Ökuhraði 35 km/klst.

Stöðvunarskylda inná Lindargötu.

Laugavegur:

Ökuhraði 35 km/klst.



Biðskylda inná Suðurgötu.


Biðskylda inná Norðurtún.

Bannað að leggja að austan frá húsi nr. 5 að gatnamótum við Suðurgötu.

Bannað að leggja að vestan frá húsi nr. 16. að gatnamótum við Norðurtún.

Lagt er til að lögn ökutækja verði breytt þannig að bannað verði að leggja alla leið að austan frá Norðurtúni að gatnamótum við Suðurgötu en heimilt verði að leggja alla leið að vestan.


Hraðahindrun norðan við hús nr. 15. (hindrunin ómerkt, vantar bæði merki A20.21.  og undirmerki J01.11 )

Hraðahindrun sunnan við hús nr. 77. (vantar undirmerki J01.11 )

Lindargata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Skriðustíg.

Bann við lögn ökutækja að austan frá gatnamótum við Hverfisgötu að gatnamótum við Hvanneyrarbraut. (yfirborðsmerkingu vantar N52 )

Lækjargata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Eyrargötu að norðan og sunnan.

Biðskylda inná Gránugötu að norðan.

Biðskylda inná Aðalgötu að sunnan.

Einstefna frá Aðalgötu að Eyrargötu. (lagt er vinstra megin þótt ekkert merki heimili það og ekkert banni lögn við hægri brún götunnar)

Lagt er til að bannað verði að leggja bifreiðum að austan frá Aðalgötu til norðurs að gatnamótum við Eyrargötu en lögn ökutækja heimil við vinstri brún götunnar með undirmerki.

Gatan verður gerð að vistgötu á mill Gránugötu og Aðalgötu merki D14.11. og þá 15 km/klst



Loka skal sundi á milli Aravítis og SR skemmu.

Mjóstræti:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Hvanneyrarbraut að austan og vestan.

Norðurgata:


Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Þormóðsgötu.

Biðskylda að norðan og sunnan inná Eyrargötu.

Biðskylda inná Aðalgötu að norðan.

Einstefna til norðurs frá Gránugötu að Eyrargötu.

Bann við lögn ökutækja við austur brún götunnar. (lagt er vinstra megin við götuna, en undirmerki vantar sem heimilar það. Engin yfirborðsmerking er N52. )

Gangbraut við skóla.

Norðurtangi:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Snorragötu.

Norðurtún:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Suðurgötu.

Biðskylda inná Snorragötu

Biðskylda af Norðurtúni I,II og III að sunnan inná Norðurtún.

Ránargata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Norðurgötu að austan og vestan.

Biðskylda inná Túngötu.

Snorragata:

Ökuhraði 50 km/klst frá tjörn sunnan við Eyrarflöt að Síldarmynjasafni.



Ökuhraði 35 km/klst frá Síldarmynjasafni til norðurs að gatnamótum við Suðurgötu.


Lagt er til að ökuhraði verði 50 km/klst. frá gatnamótum við Norðurtanga til suðurs en 35 km/klst. til norðurs.

Suðurgata:


Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda af Suðurgötu inná við gatnamót Snorragötu/Gránugötu.

Gangbraut við Samkaup. (vantar yfirborðsmerkingu við brautina báðum megin merki N51  og undirmerki við gangbrautarkerkið J01.11.  200 m)

Bann við lögn ökutækja frá gangbrautinni við Samkaup að gatnamótum við Gránugötu. (yfirborðsmerkingu vantar merki N52 

Bann við lögn ökutækja að vestan frá gatnamótum við Lindargötu/Skriðustíg/Suðurgötu til suðurs að gatnamótum við Hverfisgötu.

Hraðahindrun við hús nr. 39. (undirmerki vantar J01.11.  200 m)

Hraðahindrun norðan við gatnamót við Háveg. (undirmerki J01.11. vantar  200 m)

Suðurtangi:

Biðskylda inná Snorragötu.



Tjarnargata:

Biðskylda inná Tjarnargötu að norðan við gatnamót Gránugötu.

Biðskylda inná Aðalgötu að norðan og sunnan.


Túngata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Aðalbraut. (vantar aðalbrautarkerkið yfir undirmerkið nyrst á götunni þar sem hún beygir inná Hvanneyrarbraut.  )

Bann við lögn ökutækja að austan til norðurs frá Ljóðasetri að gatnamótum við Eyrargötu.

Bann við lögn ökutækja að vestan frá húsi nr. 41 að Suðurgötu.


Gangbraut við ÁTVR sunnan við gatnamót við Eyrargötu. (vantar yfirborðsmerkingu N51 


Gangbraut við Sparisjóð norðan Aðalgötu (yfirborðsmerkingu vantar N51 ).

Gangbraut með hraðahindrun við gatnamót Þormóðsgötu. (vantar undirmerki J0.11.  200 m)

Vetrarbraut:

Ökuhraði 35 km/klst.

Bann við lögn ökutækja að austan norðan við gatnamót við Aðalgötu. (yfirborðsmerkingu vantar N52 

Bann við lögn ökutækja að vestan frá Eyrargötu að Gránugötu. (yfirborðsmerkingu vantar N52 

Biðskylda inná Gránugötu að norðan og sunnan.

Biðskylda inná Aðalgötu að norðan og sunnan.

Þormóðsgata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Norðurgötu.


Stöðvunarskylda inná Túngötu að austan og vestan.

Kamsvegur:

Biðskylda inná Túngötu.

Ómerktar götur/afleggjarar:

Gata af Hafnarsvæði inná Snorragötu, heitir ekkert. Lagt er til að biðskylda verði inná Snorragötu ▼ vegna mikillar slyshættu.

Merkja þarf hafnarsvæðið með þar til gerðu merki A33.11.  með undirmerki sem á væri letrað það sem menn vilja.



Nú eru komin upp þessi merki sem ekki er gott að sjá hvað á að merkja. ***Ef banna á að leggja, hvar endar það?***



Neðar við bryggjuna er þetta merki í mótsögn við hitt merkið.

Ef banna á lögn ökutækja á bryggjunni þarf að tilgreina hvar og hvernig með undirmerkjum. Lögn bifeiða felst í því að hleypa farþega út eða inn úr bifeið, lesta eða losa bifeiðina, annað ekki.

Ólafsfjörður

Aðalgata:

Ökuhraði 50 km/klst.

Aðalbraut.

Gangbrautir við gatnamót Kirkjuvegur og Hornbrekkuvegur, báðum megin.

Gangbraut norðan við afleggjara inn að Íþróttamiðstöðinni.

Gangbraut vestan við gatnamót við Ægisgötu.

Hraðahindrun vestan við gatnamót við Ægisgötu, á móts við hús nr. 36., færanleg.

Hraðahindrun vestan við gatnamót við Ægisbyggð.

Lagt er til að tvær varanlegar hraðahindranir verði settar á götuna, önnur skal vera til móts við hús númer 19 og 21 hin móts við göngustíg sem liggur frá Hrannarbyggð að Aðalgötu.

Brekkugata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Einstefna til suðurs frá húsi nr. 11.

Tvístefna til norðurs frá húsi nr. 11.

Biðskylda inná Hornbrekkuveg.

Biðskylda inná Múlaveg.

Brimnesvegur:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Múlaveg.

Lagt er til að biðskylda verði inná Þverbrekku ▼.

Bylgjubbyggð:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda af Bylgjubbyggð þvergötu inná Bylgjubbyggð.

Biðskylda inná Ægisbyggð.

Biðskylda inná Ægisgötu.

Gangbraut við hús nr. 10.

Garðstígur:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Aðalgötu.

Gangbraut við gatnamót Aðalgötu.

Gunnólfsgata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Aðalgötu.

Biðskylda inná Ægisgötu. Lagt er til að biðskyldu verði breytt í stöðvunarskyldu .

Gangbraut við gatnamót Aðalgötu.

Hafnargata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Ólafsvæg.

Biðskylda inná Strandgötu.

Hlíðarvegur:

Ökuhraði 35 km/klst.


Biðskylda inná Hornbrekkuveg.

Hraðahindrun norðan við hús nr. 48. færanleg.

Hornbrekkuvegur:

Ökuhraði 35 km/klst.

Stöðvunarskylda inná Aðalgötu.

Gangbraut við gatnamót Aðalgötu. (vantar gangbrautarkerki )

Bann við lögn ökutækja að vestan frá húsi nr. 8. að gatnamótum við Túngötu.

Hrannarbyggð:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Ægisbyggð.

Biðskylda inná Bylgjubbyggð.

Kirkjuvegur:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Aðalgötu.

Bann við lögn ökutækja við suðurbrún frá Hafnargötu að Aðalgötu.

Námuvegur:

Ökuhraði 35/klst.

Biðskylda inná Múlaveg.

Ólafsvegur:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Aðalgötu að vestan.

Biðskylda inná Aðalgötu að austan.

Gangbraut við gatnamót Aðalgötu. (vantar gangbrautarkerki )


Ólafsfjarðarmúlinn:

Ökuhraði 50 km/klst.

Biðskylda inná Múlaveg.

Mararbyggð:


Ökuhraði 35 km/klst.

Lagt er til að biðskylda verði inná Ægisbyggð til samræmis við hin gatnamótin .

Strandgata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Aðalgötu.

Gangbraut við gatnamót Aðalgötu. (vantar gangbrautarkerki )

Bann við lögn ökutækja að sunnan frá húsi 17. að gatnamótum við Aðalgötu.

Túngata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Hornbrekkuveg.

Ægisbyggð:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Aðalgötu.

Ægisgata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Aðalgötu að sunnan.

Biðskylda inná Ólafsvæg að norðan.

Biðskylda inná Strandgötu að sunnan.

Stöðvunarskylda inná Aðalgötu að norðan.

Stöðvunarskylda inná Ólafsvæg að sunnan.

Gangbraut milli Framhaldsskóla og Hótel.



Gangbraut við gatnamót Aðalgötu að norðan.

Vesturgata:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Aðalgötu.

Gangbraut við gatnamót Aðalgötu. (vantar gangbrautarkerki )

Lagt er til að bannað verði að leggja við suðurbrún götunnar frá Hafnargötu að Aðalgötu 


Pverbrekka:

Ökuhraði 35 km/klst.

Biðskylda inná Múlaveg.

Nafnlausar götur:**Af hafnarsvæði inná Múlaveg við verslunina Úrval.**

Biðskylda inná Múlaveg.


Af hafnarsvæði við bílavog, fiskverkunina Knoll.

Biðskyla inná Múlaveg.

Heimreið að heilsugæslustöðinni Hornbrekku.

Biðskylda inná Ægisgötu.



Hornbrekkubót:

Setja skal biðskyldu inn á Bylgjubyggð .


Merkja þarf hafnarsvæðið með þar til gerðu merki A33.11.  og undirmerki með áletrun sem menn vilja hafa.

Merki sem þarf að bæta við. Siglufjörður



Aðalgata:

1. st. D07.lj einstefna.
2. st. D14.11.  vistgata.
3. st. D14.21. vistgötu lokið.
2. st. B21.11 
3. st. Undirmerki áletrun heimilt að leggja vinstra megin.


Eyarflöt:

1. st. D08.J1 






Gránugata:

1. st. D03.11 aðalbraut 
2. st. J01.61. 



Hafnargata:

1. st. J01.11. 


Hvanneyrarbraut:

1. st. D03.11. aðalbraut 
1. st. B28.xx 
- 3.st. J01.11. 
2. st. D01.11. 
1. st. J08.11 )


Laugavegur:

1. st. A20.21. 
2. st. J01.11 



Mjóstræti:

1. st. D08.j1 að vestan 



Suðurgata:

3. st. J01.11. 

Túngata:

1. st. D03.11. 
1. st. J0.11. 

Ómerktar götur/afleggjarar:

1. st. A06.11. inná Snorragötu 
4. st. A33.11. 


Ólafsfjörður

Brimnesvegur:


1. st. A06.11. 

Merki fer af Gunnólfsgötu


Gunnólfsgata:

1. st. B19.11. 


Hornbrekkuvegur:

2. st. D01.61. 


Ólafsvegur:

2. st. D01.61. 


Mararbyggð:


1. st. A06.11. 

Strandgata:


2. st. D01.61. 

Vesturgata:

- 2st. D01.61. 

1. st. B21.11. 

Hornbrekkubót:

1. st. A06.11. 

5. st. A33.11.  hafnarsvæði.

Fjöldi merkja, getur verið 2 – 3 st. til eða frá.

Viðvörðunarkerki	13 st.
Bannað að leggja	3 st.
Gangbrautarkerki	8 st.
Stöðvunarskylda	1 st.
Aðalbrautarkerki	3 st.
Botngötumerki	2 st.
Vistgötumerki	5 st.
Undirmerki önnur.	12 st.
Einstefnumerki	1 st.
<u>Samt.</u>	<u>48 st.</u>

3.2. Kynning á íbúafundum

Umferðaröryggi

Fjallabyggð

Vinnuferlið

- Samingur við Umferðarstofu des. 2010
- Skipan 3 manna starfshóp okt. 2011
- Samráðshópur jan. 2012
 - Lögregla Jón Árni Konráðsson
 - Vegagerðin Erna Hreinsdóttir
 - Grunnskóli Jónína Magnúsdóttir
 - UÍF María Elín Sigurbjörnsdóttir
 - Skipaðir Hilmar Þór Elefsen
 - Tæknideild Ármann V. Sigurðsson, Arnar F. Þrastarson
Valur Þ. Hilmarsson

Umferðarmerkingar

Úttekt á umferðarmerkingum sumar 2011.
Samþykkt í bæjarstjórn nóvember 2011.



37 umferðarmerki á Siglufirði ásamt
yfirborðsmerkingu.

18 umferðarmerki á Ólafsfirði.

Vinna við lagfæringar hófst vorið 2012 og
verður kláruð 2013.

Grunnskóli

Fundur með skólaráði mars 2012
Kortlagðar gönguleiðir barna



Siglufjörður



Ólafsfjörður



Siglufjörður



Ólafsfjörður



Samantekt slysa

Siglufjörður

- Óhapp án meiðsla 40
- Slys með litlum meiðslum 7
- Alvarleg slys 2
- Banaslys 1

Samtals 50 skráð slys 2001 – 2011

Samantekt slysa

Ólafsfjörður

- Óhapp án meiðsla 19
- Slys með litlum meiðslum 3
- Alvarleg slys 4
- Banaslys 0

Samtals 26 skráð slys 2001 – 2011

Umferðargreining

Siglufjörður



Siglufjörður, umferðargreinir

Rétt norðan við Norðurtún **50**
Mesti hraði; 129 km/klst
48% aka yfir leyfilegum hámarkshraða

Gegnt fótboltavellinum **35**
Mesti hraði: 87 km/klst
50% aka yfir leyfilegur hámarkshraða
5,6% aka yfir 50 km/klst

Neðan við sjúkrahúsið **35**
Mesti hraði; 90 km/klst
60% aka yfir leyfilegum hámarkshraða
12,0% aka yfir 50 km/klst



Umferðaröryggi í Fjallabyggð; Ólafsfirði og Siglufirði

Kynning á Siglufirði

15. 01. 2013

Markmið Vegagerðarinnar



- Greiðar samgöngur með góðri þjónustu
- Hagkvæm uppbygging og rekstur vegakerfisins
- Umferðaröryggi sé á við það sem best gerist
- Góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa

Fjallabyggð



Hugmyndir eru settar fram sem umræðugrundvöllur um bætt umferðaröryggi og flæði umferðar. Ekki tillögur Vegagerðarinnar!

Niðurstöður í umferðaröryggisáætlun sameiginleg niðurstaða Fjallabyggðar, Vegagerðar og fleiri hlutaðeigandi.

Ekki er um eiginlega hönnun að ræða.


Ef útfæra á hugmyndir nánar þarf að mæla veginn og umhverfi hans inn.

Fjallabyggð



Að auka umferðaröryggi í þéttbýli felst oftast en ekki í að **fækka tenginum** við aðalveginn, gera **breytingar á gatnamótum** og að gera **fáar en öruggar göngubveranir** yfir veginn. Jafnframt þarf að **gírða** fyrir staði þar sem sérlega óæskilegt er að gangandi þveri veg.

Aldrei er ásættanlegt að hafa **bílastæði** við þjóðveg.




- Tryggja þarf gönguleiðir meðfram þjóðveginum og yfir hann.
- Sveitarfélagið hefur kortlagt gönguleiðir skólabarna.
- Gangbraut skal merkja með umferðarmerkjum.
- Framlengja þarf göngustíg, utan öryggissvæðis vegarins, að lágmarki út fyrir ystu hús.

Fjallabyggð



Miðeyja á gangbraut:

- aðeins þarf að fara yfir eina akrein í einu
- geta beðið í vari á eyjunni áður en fara þarf yfir næstu akrein
- ökumenn lækka hraða



Ólafsfjörður,

umferð 2011



Vegkaflí	Upphafspunktur	Endapunktur	ÁDU	SDU	VDU
76-15	Skarðsvegur (793-01)	Ólafsfjarðarvegur (82-07)	548	791	389
82-07	Ólafsfjörður, Námuvegur	Ólafsfjörður, Hornbrekka	2019	2748	1576
82-07	Frá 90°beygju	Að 82-08	870	1183	680
82-08	Ólafsfjörður, Hornbrekka	Fjarðará	101	150	68

Siglufjörður,

umferð 2011



Vegkaflí	Upphafspunktur	Endapunktur	ÁDU	SDU	VDU
76-12	Siglufjörður, Hólavegur	Hafnarvegur Siglufirði (792-01)	1729	2310	1376
76-13	Hafnarvegur Siglufirði (792-01)	Siglufjörður, Norðurtún	2374	3171	1893
76-14	Siglufjörður, Norðurtún	Skarðsvegur (793-01)	588	848	417
792-01	Siglufjarðarvegur (76-13)	Hafnarsvæði	753	902	686

Ólafsfjörður, slys 2008-2012



Meðaltal slysatíðni áráanna 2005-2009 er 1,93 á vegi 82-07 en er 1,92 fyrir öll þéttbýli á landinu utan höfuðborgarsvæðisins.



Siglufjörður, slys 2007-2011



Meðaltal slysatíðni árána 2005-2009 er eftirfarandi:

Vegur 76-12	3,91
Vegur 76-13	0,62

Öll þéttbýli á landinu utan höfuðborgarsvæðisins 1,92



Almennt



- Umferð hefur aukist, einnig gegnumstreymisumferð. Líklega hefur umferð aukist um 18% (6% - 25%) Ath. HA
- Þjóðvegurinn klífur byggðina
- Mismunandi kröfur eru gerðar til húsagatna og stofnvega, erfitt er að koma á móts við þarfir ólíkra notenda
- Siglufjörður: Mjög sérstakar aðstæður, endastaður? T.d. 90° kröpp og þröng beygja í kross-vegamótum.


Unnar hafa verið tillögur í Landbúnaðarháskóla Íslands að breytingum á Aðalgötu.

Tillögurnar samræmast um margt ekki leiðbeiningum Vegagerðarinnar um hönnun þjóðvega í þéttbýli.


Breytingar sem þar eru settar fram henta mögulega ef Aðalgata er ekki lengur þjóðvegur.

Margt gott má nýta úr tillögunum ekki síst hvað varðar hliðarsvæði veganna t.d. hvað varðar gróðursetningu.


Ólafsfjörður, þéttbýlishlið



Fjallabyggð



Ólafsfjörður, péttbýlishlið



Ólafsfjörður, færsla þjóðveggar



Fyrsti valkostur: færa þjóðveginn út fyrir byggðina

Aðalskipulag

Bráðabirgðalausn?

Ólafsfjörður



Aðalskipulag sýnir þjóðveginn í 90° beygju á vegamótum Aðalgötu og Ægisgötu.

Á þessum kafla eru í dag tvær upphækkaðar hraðahindranir, tvær gangbrautir, um átján tengingar við lóðir og tvö krossvegamót.

Óljósastýrð krossvegamót eru talin óheppilegust gerð vegamóta m.t.t. umferðaröryggis.

Ólafsfjörður



Þjóðvegur færður til norðurs.



Ólafsfjörður



Þjóðvegur færður til norðurs.



Ólafsfjörður



Þjóðvegur færður til norðurs.



Ólafsfjörður



Ólafsfjörður



Ólafsfjörður



Ólafsfjörður



Ólafsfjörður



Núverandi hraðahindrun með gangbraut



Ólafsfjörður



Ólafsfjörður



Ólafsfjörður



Á móts við félagsheimilið **Tjarnarborg** er margt sem betur má fara. **Lagt** er beggja vegna vegarins, ýmist á ská eða meðfram honum. Engin ásættanleg **gangbraut** er yfir veginn. **Krossgatnamót** eru á mótum Kirkjuvegar/Hornbrekkuvegar. Á þessum stað er eina skráða tilvikið þar sem **ekið er á gangandi** vegfarenda á tímabilinu 2008-2012.

Til þess að þjóðvegurinn geti þjónað hlutverki sínu þarf að leggja bílastæði við veginn niður eða afmarka þau á einhvern hátt. Þá væri mögulegt að koma fyrir gangbraut með miðeyju. Krossvegamótunum er erfitt að breyta með þjóðvegaumferð í huga.

Ef þjóðvegur verður færður má hugsa sé ýmsar lausnir eins og t.d. upphækkuð hellulögð gatnamót eða mini-hringtorg.

Ólafsfjörður



Ólafsfjörður



Síglufjörður, þéttbýlishlið



Mælt er með að sett verði upp þéttbýlishlið ofan við áningastað norðan við bæinn.



Síglufjörður



Halli u.þ.b. 6-7%
Kostnaður 100-150 m.kr.



Síglufjörður



Núverandi
þjóðvegur
570 m



Lausn skv.
aðalskipulagi
1200 m

Siglufjörður



Ef nýta á núverandi veg
áfram sem þjóðveg:

- gangstéttir
- færa bílastæði
- fækka innkeyrslum



Siglufjörður



Siglufjörður



- 25 bílastæði
- þversnið samræmist ekki kröfum Vegagerðarinnar
- bílastæði eiga ekki að vera við veginn
- tengingar eru allt of margar.
- sjónlengdir ekki uppfylltar vegna tenginga



Siglufjörður



Siglufjörður



Siglufjörður



Ef nýr þjóðvegur verður ekki lagður meðfram sjávarsíðunni þarf nauðsynlega að laga krossvegamótin við Túngötu.

Siglufjörður



Óljósastýrð krossvegamót eru hvað hættulegust vegamóta.

Æskilegt að loka Þormóðsgötu öðru hvoru megin þjóðvegarins.



Siglufjörður, miðbær




- Nýr vegur úr suðri hittir illa á núverandi vegi í miðbænum.
- Lagfæra þarf veginn í gegnum miðbæinn og afmarka bílastæði og gangbrautir.
- Tenging að höfn verður að vera vel aðgengileg stórum bílum.

Siglufjörður, miðbær



Siglufjörður, miðbær



Siglufjörður, miðbær



Siglufjörður





Lokaorð

Æskilegt er að deiliskipulag taki mið að þeim umferðartæknilegu lausnum sem fyrir valinu verða þannig að mögulegt sé að hanna og framkvæma eftir því sem fjármagn leyfir.

Rétt er að benda á ofangreindar hugmyndir ber að senda í umferðaröryggisrýni.

Takk fyrir

fjallabyggd@fjallabyggd.is

Merkt: umferðaröryggisáætlun